

# Aðalfundur Ský 21.2.2012

1. Tillaga Sigrúnar Gunnarsdóttur um að Hjörtur Grétarsson sé fundarstjóri samþykkt.
2. Sigrún Gunnarsdóttir formaður fór yfir skýrslu stjórnar:
  - a. 11 stjórnarfundir – öflug stjórn á starfsárinu
  - b. Félagar í Ský eru nú 712 – yfir 3000 á póstlista
  - c. 27 viðburðir árið 2011 – UT messan er flaggskipið
  - d. UT verðlaunin veitt í þriðja sinn – Maríus Ólafsson, faðir internetsins á Íslandi, hlaut þau að þessu sinni
  - e. Vefútgáfa Tölvumála frá maí 2011 – prentuð útgáfa í nóvember 2011
  - f. Faghópar - 6 virkir – 2 óvirkir. Efla faghópastarf á árinu
  - g. Endurnýjun í stjórn Ský – Tveir gefa ekki kost á sér áfram
  - h. Eitt af verkefnum næsta árs verður að yfirfara og endurskoða ferli vegna heiðursfélaga Ský
3. Skýrslur nefnda og starfshópa:
  - a. Orðanefnd - Sigrún
    - i. 260 – 300 ný hugtök í 5. Útgáfu Tölvuorðasafns sem kemur út árið 2012 á vef
    - ii. Nefndin hefur starfað frá árinu 1978 en mun ljúka störfum að þessu verki loknu
  - b. Ritnefnd - Ásrún
    - i. Þema Tölvumála árið 2012 er Tölvuleikir
    - ii. Allir hvattir til að skrifa greinar – 800 – 1200 orð

Kynning frá Norðlingaholtsskóla þar sem nemendur kynntu hvernig þeir nota spjaldtölvur við allt sitt nám. Þessi liður átti að vera á undan fundinum en æxluðust mál þannig að kynningin kom inn á milli í dagskrá aðalfundar.

- c. Öldungadeild Ský - Þorsteinn
  - i. Skrá þarf sögu upplýsingatækni á Íslandi
- d. Fókus - Jóhanna Fjóra
  - i. Fór yfir það helsta sem Fókus gerði á árinu
- e. Öryggishópur – Hörður Helgi
  - i. Fór yfir það helsta sem Öryggishópurinn gerði á árinu
- f. Fjarskiptahópur - Jón Ingi
  - i. Fór yfir það helsta sem Fjarskiptahópurinn gerði á árinu
- g. Rafræn Opinber Þjónusta - Eggert
  - i. Þrír viðburðir á árinu
- h. Hugbúnaðargerð - Ragnheiður
  - i. Hópurinn stofnaður 2010
  - ii. Komu að hugbúnaðarráðstefnunni
  - iii. Mikill áhugi innan hópsins en þurfa að gera meira

4. Reikningar félagsins - Guðjón Karl
  - a. Reikningar samþykktir
5. Lagabreytingar
  - a. Engar tillögur bárust um lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalda - Guðjón Karl
  - a. Hækkun lögð til um 500 kr. á lágmarksgjaldi og verður því 2012 5.900 - 11.800 – 23.600 kr.
  - b. Hækkun samþykkt með miklum meirihluta
7. Stjórnarkjör
  - a. Sigrún sjálfkjörin sem formaður til tveggja ára.
  - b. Þar sem fleiri framboð voru í önnur sæti en voru laus kynntu frambjóðendur í stjórn sig:
    - i. Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan
    - ii. Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrá
    - iii. Guðmundur Arnar Þórðarson, Nýherji
    - iv. Ólafur Tr. Þorsteinsson, Íslandspósti
    - v. Magnús Hafliðason, Síminn (fjarverandi)
  - c. Skrifleg kosning og varð niðurstaða hennar sú að Magnús Hafliðason komst ekki að í stjórn. Ólafur og Þorvarður voru kosnir til 1 árs sem varamenn og Ragnheiður og Guðmundur verða aðalmenn í stjórn næstu 2 árin.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
  - a. Sigurður Bergsveinsson og Sigurjón Pétursson gefa áfram kost á sér og fengu lófaklapp.
9. Nefndarkjör
  - a. Ásrún Matthíasdóttir kosin áfram ritstjóri Tölvumála.
  - b. Þau eru sjálfkjörin sem gáfu kost á sér í stjórn hugbúnaðarhóps en það er sama fólk og var áður í stjórn
10. Önnur mál
  - a. Bjarna Sigurðssyni þakkað fyrir gott starf í stjórn Ský. Magnús Hafliðason sem fékk ekki kosningu og Þórhildur Hansdóttir Jetzek fá þakkargjafir á næstunni en þau voru ekki á fundinum.
11. Niðurstaða kosninga stjórnar Ský
  - a. Nýjir stjórnarmenn (til tveggja ára): Guðmundur Arnar og Ragnheiður
  - b. Nýjir varamenn (til eins árs): Þorvarður Kári og Ólafur Tr.
12. Jóhann Gunnarsson tók til máls og ræddi lauslega um History of Nordic Computing og mikilvægi varðveislu gamalla muna.
13. Sigrún formaður slítur fundi. Mættir á aðalfund voru rúmlega 30 félagar í Ský.  
Fundarritari: Sigurður Friðrik Pétursson